

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 189, 30. apríl 1985, um eftirlit  
og mat á sóltuðum grásleppuhrognum til útflutnings  
og vinnslu innanlands.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Umbúðir fyrir grásleppuhrogn skulu vera úr efni sem hæfir geymslu matvæla og samþykktir af Ríkismati sjávarafurða. Við endurnotkun á umbúðum skal tryggt að þær séu hreinar og sótthreinsaðar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. apríl 1991.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*